



7. júní 2018  
1805087

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

*Efni:* Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál

Vísað er til tölvupósts dags. 30. maí sl. þar sem allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis gaf Seðlabanka Íslands kost á að veita umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál.

Seðlabanki Íslands gerir athugasemdir við umsagnarferlið. Frumvarpið var lagt fram 29. maí sl. og fór í formlegt umsagnarferli daginn eftir. Óskað var eftir að undirrituð umsögn bærist eigi síðar en 7. júní 2018. Að mati Seðlabanka Íslands er þessi frestur of stuttur auk þess sem þetta fyrirkomulag rímar illa við fyrri tilkynningar á heimasíðu ráðuneytisins og yfirlýsingar ráðherra á Alþingi þess efnis að afgreiðslu frumvarpsins skuli ljúka með samþykkt þess fyrir þinghlé sem einmitt var áætlað 7. júní. Seðlabanki Íslands fær ekki séð að unnt verði að taka tillit til umsagna sem berast svo skömmu fyrir samþykkt laga eða jafnvel samdægurs.

Þá er það mat Seðlabanka Íslands að betur hefði farið á að haga sektarákvæði 46. gr. frumvarpsins með öðrum hætti, þ.e. að aðskilja opinbera aðila og einkaaðila í því tilliti. Samkvæmt 7. mgr. 83. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB er hverju aðildarríki heimilt að mæla fyrir um reglur um það hvort og að hve miklu leyti heimilt er að leggja stjórnvaldssektir á opinber yfirvöld og stofnanir með staðfestu í aðildarríkinu. Eðli máls samkvæmt geta sektargreiðslur allt að 2,4 milljörðum króna haft verulegar afleiðingar fyrir afkomu sveitarfélaga og ríkisstofnana. Eðlismunur er á einkaaðilum og þessum aðilum sem sinna, í sumum tilfellum, lögboðinni þjónustu við samfélagið, t.d. málefnum skóla, félagsþjónustu o.s.frv. Þá er auk þess ljóst að slíkar sektargreiðslur væru fjármagnaðar með skatttekjum og öðrum gjöldum hins opinbera, þ.e. kostnaðurinn fellur að lokum á skattgreiðendur. Í þessu sambandi skiptir engu þótt Persónuvernd hafi ákvörðunarvaldið og geti því lagt lægri sektir á opinbera aðila en einkaaðila vegna sambærilegra brota. Slíkt fyrirkomulag er ógagnsætt og eftir atvikum ósanngjarnt. Að mati

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is) · BRÉFASÍMI: 569 9605

Seðlabanka Íslands væri til bóta ef rammi stjórnvaldssekta væri mishár eftir því hvort um einkaaðila á markaði væri að ræða eða opinbera aðila.

Að lokum vekur Seðlabanki Íslands athygli á ósamræmi sem er milli stöðu opinberra aðila annars vegar og einkaaðila hins vegar með tilliti til réttar skráðra einstaklinga til að gleymast, sbr. nánar 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins, sbr. einnig 17. gr. reglugerðarinnar. Um afhendingarskyldu opinberra stofnana á gögnum sem til verða í starfsemi þeirra gilda lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/2001, og samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 telst bankinn, sem stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir ráðherra, vera afhendingarskyldur aðili í skilningi laganna. Seðlabanka Íslands er því skylt að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2014, sbr. nánar 4. mgr. 14. gr. laganna. Í því felst að Seðlabankinn afhendir Þjóðskjalasafni öll gögn sem falla ekki undir grisjunarheimildir sem Þjóðskjalasafn veitir sérstaklega. Með hliðsjón af ofangreindu skoðast rétturinn til að gleymast samkvæmt 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins og 17. gr. reglugerðarinnar með tilliti til áður nefndrar skyldu Seðlabanka Íslands, og annarra opinberra aðila, sem afhendingarskyldra aðila samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014, til að afhenda Þjóðskjalasafni öll gögn sem falla ekki undir sérstakar grisjunarheimildir. Þótt í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins segi að sérákvæði annarra laga um vinnslu persónuupplýsinga gangi framur ákvæðum laganna virðist blasa við sú staðreynd að einstaklingur sem hefur t.d. sótt um starf hjá Seðlabankanum getur ekki krafist þess að bankinn eyði öllum persónuupplýsingum um sig á grundvelli 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins á meðan sami einstaklingur getur farið fram á að einkaaðilar eyði sams konar upplýsingum.

Virðingarfyllt,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Arnór Sighvatsson  
aðstoðarbankastjóri

  
Ólafur Páll Ólafsson  
persónuverndarfulltrúi